

27. september 1977.

605

Nr. 348.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkur-
kaupstaðar nr. 152 4. apríl 1975.

1. málslíður 7. gr verði:

Bæjarstjórn heldur fundi reglulega, þriðja hvern fimmtudag og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00.

8. gr. 2. málsgrein verði:

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 15.00, mánudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

9. gr. Við bætist:

Opinn fund um starfsskýrslu bæjarstjóra, skal auk þess auglýsa með götuauglýsingum og auglýsingu í útvarpi með sólarhrings fyrirvara.

10. gr. Eftir 2. málsgrein komi:

Mál sem nefnd merkir trúnaðarmál, skulu rædd fyrir luktum dyrum, nema bæjarstjórn ákveði annað.

13. gr. Við 1. málsgrein bætist:

Þó skal atkvæðagreiðsla vera leynileg, ef bæjarstjórnarmaður óskar þess, og bæjarstjórn samþykkir.

15. gr. 2. mgr. falli niður.

16. gr. 2. málsl. 2. mgr. falli niður.

17. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: — og nefna þau ummæli, sem hann vítir:

26. gr. Niður falli úr 1. málsgrein:

Vatnsveitu, vatnssölu, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili.

35. gr. 1. málsl. verði:

Bæjarstjórn getur falið löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans.

36. gr. Staflíðir A og B verði:

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.

3. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, sjúkraskýlis og vatnsveitu, tveir aðalmenn og tveir til vara.
4. Kjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Fóðurgæslumaður, einn aðalmaður og einn til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Skólanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Framtalsnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Heilbrigðisnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Barnaverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Bókasafnsstjórn, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Brunamálanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. Landbúnaðarnefnd, er jafnframt fari með fjallskil, þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Áfengisvarnarráð, sex aðalmenn og sex til vara.
10. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
11. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
12. Náttúruverndarráð, þrír aðalmenn og þrír til vara.
13. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.
14. Hafnarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
15. Leikskóla- og leikvallanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
16. Stjórn íþróttavalla, einn aðalmaður og einn til vara.
17. Stjórn F.H.B., þrír aðalmenn og þrír til vara.
18. Félagsmálaráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
19. Stjórn sjúkraskýlis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
20. Rekstrarnefnd sundlaugar: Bæjarstjórn kjósi einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður og einn til vara.

40. gr verði:

Í hafnarnefnd skulu kosnir þrír menn úr bæjarstjórn og tveir menn utan hennar og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

41. gr. falli niður.

43. gr. Í 1. málsgrein komi orðið „bæjarstjórnar“ í stað bæjarráðs.

45. gr. Í 1. málsgrein komi orðið „bæjarstjórnar“ í stað bæjarráðs.

Breyting þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1977.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.